



# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Ákvörðun nr. 14/2009

### Í ágreiningsmáli á milli Og fjarskipta ehf. og Símans hf. um skiptingu kostnaðar ásamtengingarsamböndum

#### I.

##### *Erindið*

Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) barst bréf, dags. 17. febrúar 2009 frá Og fjarskiptum ehf. (hér eftir Vodafone), þar sem ágreiningi um ákvæði 4.1.4. *Kostnaðardeiling* í viðmiðunartilboði Símans hf. (hér eftir Síminn) var vísað til úrlausnar PFS í samræmi við grein 1.4 *Breytingar á samningi* viðmiðunartilboðsins. Þann 19. febrúar 2009 átti stofnunin fund með Vodafone þar sem fyrirtækið fór yfir forsögu málsins og þau samskipti sem átt höfðu sér stað við Símann um ágreiningsefnið. Stofnunin hélt einnig fund með Símanum þann 26. febrúar 2009 þar sem fyrirtækið fór munnlega yfir sín sjónarmið í málinu.

#### II.

##### *Málavextir og bréfaskipti*

##### 2.1.

Forsaga málsins eins og þau liggja fyrir í gögnum málsins er eftirfarandi:

Með bréfi, dags. 3. október 2008, sendir Síminn hf. erindi til Mílu ehf., þar sem tilkynnt er að nýtt viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta hafi tekið gildi frá 1. ágúst 2007. Frá þeim tíma hafi tekið gildi tiltekin skilyrði fyrir þátttöku Símans í kostnaði af leigulínum, vegna samtengingar við símsstöðvar annarra fjarskipta-fyrirtækja, sbr. 4. kafla viðmiðunartilboðsins.

Míla hafði mánaðarlega sent Símanum reikninga vegna leigulína fyrir samtengingu símsstöðva Símans og Vodafone. Þar hafi verið miðað við jafna kostnaðarhlutdeild Vodafone og Símans í þeim leigulínum sem Míla leggur til, milli hýsingar Símans og bækistöðva Vodafone. Hluttur hvors fyrirtækis í umræddum leigulínum hefði verið kr. 654.307,-m.vsk.

Í bréfinu var tiltekið að þar sem Vodafone uppfyllti ekki þau skilyrði sem í gildi væru um kostnaðarþátttöku Símans, væri þess óskað að umræddir reikningar Mílu frá ágúst 2008, og sendir höfðu verið til Símans, yrðu nú sendir til Vodafone og gjaldfærðir á fyrirtækið.

##### 2.2.

Með bréfi Símans til Vodafone, dags. 17. október 2008, var Vodafone tilkynnt um leiðréttingu á kostnaðardeilingu vegna samtengistrauma. Vísaði Síminn til samtengingarsamnings Símans hf. og Vodafone, sem hafi verið í gildi á milli félaganna frá 1. ágúst 2007, sbr. ákvörðun Póst- og

fjarskiptastofnunar nr. 13/2007, um viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta, útgáfa 3.4.A. Um skuldbindingargildi viðmiðunartilboðsins sem samtengingarsamnings á milli félaganna vísaði Síminn til greina 1.3.2. og 1.4. í viðmiðunartilboðinu.

Hvað varðar verðlagningu vísaði Síminn til 4. kafla samningsins, greinar 4.1.3. þar sem segi að kostnaði við leigulínur sem Síminn leggur til milli samtengingarpunkta samningsaðila sé skipt milli þeirra (miðað við fullnýtta samtengistauma) skv. gr. 4.1.4. en að viðsemjandi beri sjálfur kostnað af leigulínunum sem hann kann að leggja til.

Um kostnaðardeilingu vegna samtengistrauma vísaði Síminn til greinar 4.1.4. þar sem eftirfarandi skilyrði væru sett fyrir þátttöku Símans:

*„Síminn tekur hlutfallslega miðað við nýtingu, þátt í mánaðargjöldum vegna strauma (sbr. verðskrá Viðauka 1a gr. 1.1. liður 2 og 3) og leigulína milli Símans og viðsemjanda, skv. lið 4.1.3, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum;*

*Lúkningarverð viðsemjanda er að hámarki 25% hærra en lúkningarverð Símans m.v. dagtaxta og að hámarki 40% hærra m.v. KNH taxta fyrir lúkningu samskonar umferðar. Skal þessi verðmunur fara lækkandi uns fullri jöfnun samtengigjalda er náð.*

*Símanúmer sem skilgreind eru í neti viðsemjanda eru yfir 10.000 númer og hagstæð umferð Símans er að lágmarki 12%. Að þessum skilyrðum uppfylltum er Síminn tilbúinn að taka þátt í mánaðarlegum kostnaði af fullnýttum samtengingarsamböndum að þeim hluta sem hagstæð umferð Símans er í heildarumferð, þó að hámarki helming umferðar. Fullnýtt samtengingarsamband miðast við 500.000 mínútur á mánuði. Viðmiðunartímabil er ávallt nýliðinn ársfjórðungur. Öll vannýtt samtengingarsambönd og þau sem ekki uppfylla ofangreinda skilmála greiðir viðsemjandi. [...]*

Taldi Síminn að nauðsynlegt væri að uppfylla þau skilyrði sem sett væru svo komið gæti til kostnaðardeilingar á samtengistraumum Símans og viðsemjanda félagsins um samtengingu talsímaneta. Samtengiverð Vodafone sé 0,66 kr. og dagtaxta en 0,44 kr. á kvöld- nætur og helgartaxta. Samtengiverð Símans sé 0,44 kr. á dagtaxta en 0,26 kr. á kvöld- nætur og helgartaxta. Verðmunur á samtengigjöldum sé því yfir þeim viðmiðum sem miðað sé við til að skilyrði um kostnaðardeilingu séu uppfyllt. Af þessu sé ljóst að Vodafone uppfylli ekki skilyrði viðmiðunartilboðsins um kostnaðardeilingu sem verið hafi á milli félaganna frá gildistöku viðmiðunartilboðsins hinn 1. ágúst 2007.

Kröfu um endurgreiðslu og sundurliðun var einnig að finna í bréfinu.

### 2.3.

Með bréfi Vodafone til Símans, dags. 23. október 2008, taldi fyrirtækið að ekki lægi fyrir samtengisamningur milli Símans og Vodafone, þrátt fyrir ítrekaðar óskir Vodafone um viðræður um slíkan samning. Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 13/2007 beri að líta svo á að birt viðmiðunartilboð Símans hf. um samtengingu megi skoða sem samtengisamning milli aðila að frátöldum þeim atriðum sem ágreiningur kann að vera um, en slíkum ágreiningi megi vísa til stofnunarinnar til úrlausnar. Vodafone hafi ávallt hafnað skilyrðum um kostnaðardeilingu vegna

samtengistrauma eins og þau eru sett fram í viðmiðunartilboði Símans. Líti fyrirtækið svo á að þar til samið hafi verið um þetta atriði eða eftir atvikum niðurstaða PFS liggi fyrir í málinu gildi samkomulag félaganna frá 3. mars 2006 um kostnaðardeilingu, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Í ljósi framangreinds hafnaði Vodafone kröfu Símans.

#### 2.4.

Samkvæmt gögnum málsins funda fyrirtækin þann 30. október 2008, um ágreininginn. Á fundinum óskar Vodafone m.a. eftir afstöðu Símans til hugsanlegra breytinga á fyrirkomulagi samtenginga, miðað við að Síminn taki ekki þátt í umræddum kostnaði. Var kynnt sú hugmynd Vodafone að með endurskipulagningu mætti draga úr kostnaði með því að tengingar yrðu aðeins í gegnum eitt SDH kerfi, annað hvort Mílu eða Vodafone, en ekki bæði eins og dæmi séu um.

Fram kemur einnig að á fundi þann 4. nóvember hafi Síminn farið yfir þessar hugmyndir með sínum tæknimönnum og hafi fyrstu viðbrögð verið fremur jákvæð og þess óskað að Vodafone kynnti nánari útfærslu þessara tillagna, þannig að hægt væri að sjá heildarmyndina m.a. varðandi lagnir, búnað, tengiskil (DDF/FDF), staðsetningu og eignarhald þessara þátta í viðkomandi tæknirýmum félaganna. Önnur atriði sem nefnd voru og vert væri að hafa í huga var, að öryggi sambanda væri nægjanlega tryggt, að Síminn hefði nauðsynlegan aðgang til vöktunar, mælinga og bilanaleitar og að Síminn bæri ekki kostnað af þessum breytingum ef til þeirra kæmi<sup>1</sup>.

#### 2.5.

Í bréfi Vodafone til Símans, dags. 28. nóvember 2008 lýsir Vodafone tillögum sínum með eftirfarandi hætti:

*„Kostnaður við samtengingar milli félaganna er meiri en ástæða er til og með breytingum á samtengingum er hægt að einfalda tengingar og fækka milliliðum sem leiðir til lækkunar á kostnaði beggja félaga.*

*Núverandi kostnaði er skipt skv. uppgjörssamkomulagi milli félaga þannig að tengingar í gegnum SDH kerfi Mílu eru reikningsfærðar að helmingi á Vodafone og helmingi á Símann. Tengingar í gegnum SDH kerfi Vodafone eru reikningsfærðar að helmingi á Símann. Fjöldi samtenginga er 4\*27 straumar eða 108 en fjöldi leigulína er mun meiri þar sem núverandi högun leigulínukerfa býður ekki upp á beinar samtengingar frá SDH kerfi í fastlínusímstöð nema í undantekningartilfellum.“*

*Vodafone leggur til að komið verði á beinum samtengingum milli SDH kerfis Vodafone og AXE fastlínusímstöðva Símans, annað hvort á STM-1 ljósleiðaratengi þar sem hver straumur hefur TU-12 klm númer eða E1 porti á tengigrind (DDF) þar sem annað er ekki mögulegt. Vodafone getur sett upp lítinn ADM búnað í rými Símans og tengt port upp á panel nálægt AXE DDF fyrir samtengingar. Hlutur Símans í fyrirkomulagi STM-1 samtengingar væri þá helmingur í innanhúsljósleiðara og að STM-1 porti í eigin búnaði. Hlutur Símans í fyrirkomulagi E1 (G.703) samtengingar væri aðstaða í rými Símans fyrir SDH ADM, tengingar að DDF Vodafone í sama rými og port í eigin búnaði.*

---

<sup>1</sup> Bréf Símans til Vodafone, dags. 7. nóvember 2008

Tillaga Vodafone gerir ráð fyrir að Vodafone ákveði hlutfall samtengistrauma en fari eftir óbreyttum leiðum yfir SDH kerfi Mílu á móti nýjum tengileiðum.

Hlutur Símans í kostnaði við leigulínur væri enginn eftir að breytingunum er lokið. Félögin myndu halda gjaldtöku fyrir port í fastlínusímstöð og skilgreiningum þeim tengdum óbreyttum.

Meðal annarra atriða sem nefnd eru í bréfi Símans 7. nóv. má nefna að allar leigulínur Vodafone milli símstöðva hafa innbyggðan vara þannig að áhrif vegna slita á ljósleiðara eru engin og símstöðvar Vodafone eru tengdar á fleiri en einn SDH ADM búnað. Aðstaða til eftirlits, mælinga og bilanaleitar er sú sama og í dag og ekki væri um að ræða breytingargjöld pr. leigulínu eins og kæmi til ef leigulínur færu um kerfi Mílu.

Af þessum breytingum leiðir að kostnaður vegna þjónustu Mílu fellur út eða minnkar verulega. Vodafone leggur til að gengið verði eins langt og hægt er til að lágmarka kostnað beggja félaga. Fundur hlutadeigandi starfsmanna gæti tekið nánar á frekari skipulagi hvers straums og samtengingu milli félagana.“

## 2.6.

Með bréfi, Símans til Vodafone, dags. 23. janúar 2009, hafnar fyrirtækið tillögum Vodafone að breyttri tilhögun samtengistrauma með eftirfarandi rökum:

„Síminn hefur með opnum hug yfirfarið og lagt mat á umræddar tillögur Vodafone en telur þær ekki leiða til niðurstöðu sem er aðgengileg fyrir Símann. Hér að neðan eru tilgreind nokkur atriði sem leiða til þessarar niðurstöðu Símans.

- *Samtengistaðir Símans eru í Múlastöð (hýsingarsal) Ármúla 25 og í Miðbæjarstöð (ljósleiðari þaðan yfir í Aðalstræti 9)*  
*-Ekki er talið heppilegt að færa þessa samtengingarpunkta nær símstöðvum Símans m.a. með hliðsjón af aðgengi, lagnaleiðum o.fl. þáttum.*
- *Míla annist tengingar og leggur til sambönd vegna samtengingar við símstöðvar Símans frá þessum samtengistöðum*  
*-Innifelur það m.a skráningu þessara sambanda, uppsetningu búnaðar og rekstur hans.*  
*-Þetta er ekki innan verkefnasviðs neinna deilda innan Símans.*  
*-Ljóst er að breyting á þessu skipulagi kallar á undirbúningsvinnu og kostnað sem Síminn er ekki tilbúinn að leggja í á grundvelli þessara tillagna.*  
*-Ekki er vilji til að falla frá þessu skipulagi eða útbúa einhverjar sérlausnir til aðlögunar á þeim tillögum sem Vodafone hefur lagt fram.*
- *Núverandi fyrirkomulag við tengingar inná símstöðvar Símans felur í sér meira öryggi tenginga og aðgengi til eftirlits með samtengiumferð umfram það sem fram kemur í hugmyndum Vodafone.*  
*-Skýrist það m.a. af fleiri leiðum og betri dreifingu samtengiumferðar heldur en felst í tillögum Vodafone.*  
*-Vöktun á SS7 til eftirlits með símaumferð mun ekki verða aðgengileg fyrri tæknimenn Símans skv. tillögum Vodafone.*

*-Síminn er ekki tilbúinn til að fórna ofangreindum kostum.“*

### **2.7.**

Með bréfi Vodafone til Símans, dags. 17. febrúar 2009, tilkynnt fyrirtækið að það hafi ákveðið að vísa ágreiningi fyrirtækjanna um kostnaðardeilingu samtengistrauma til úrlausnar hjá PFS. Með bréfi Vodafone til PFS dagsett þann sama dag var ágreiningi fyrirtækjanna vísað til stofnunarinnar. Á fundi PFS og Vodafone, sem áður var vísað til var farið fram á að fyrirtækið myndi leggja fram formlega kröfugerð vegna málsins. Kröfugerð Vodafone barst með bréfi, dags. 1. apríl 2009. Með bréfi dags. 2. apríl 2009 óskaði PFS eftir því við Símann að fyrirtækið skilaði inn athugasemdum við kröfugerð Vodafone og var frestur til þess veittur til 23. apríl s.l. Með tölvupósti, dags. 21. apríl s.l. óskaði Síminn eftir því að fá frest til að skila inn athugasemdum til 8. maí 2009, sem seinna var framlengdur til 15. maí.

Verður nú gerð grein fyrir kröfum fyrirtækjanna og málsástæðum að öðru leyti.

## **III.**

### *Kröfur Vodafone*

#### **3.1.**

Í bréfi Vodafone, dags. 1. apríl 2009, þar sem fyrirtækið setur fram kröfur sínar í málinu lýsir fyrirtækið aðdraganda ágreiningsins með eftirfarandi hætti:

*„Forsaga málsins er sú að frá því að viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta kom fyrst fram hefur Vodafone reglulega óskað eftir að félögin myndu formlega gera með sér samtengisamning þar sem Vodafone hefur [ekki verið] sammála þeirri túlkun Símans að nýtt viðmiðunartilboð tæki sjálfkrafa gildi sem samningur á milli félaganna. Auk þess sem félögin hafa aldrei undirritað samtengisamning sín á milli heldur byggt á þeim samtengisamningum sem forverar Vodafone undirrituðu við Símann, þ.e. Íslandssími hf. og Tal hf.*

*Þegar viðmiðunartilboð Símans um samtengingu, dags. 1. ágúst 2007, tók gildi óskaði Vodafone eftir að félögin myndu formlega ganga frá samtengisamningi milli félaganna og síðastliðið vor náðu félögin loks saman munnlega um að slíkt yrði framkvæmt. Þá boðaði Vodafone að gerð yrði bókun sem yrði viðauki við samninginn þar sem ágreiningi um ákvæði 4.1.4 í viðmiðunartilboðinu væri vísað til úrlausnar hjá PFS í samræmi við grein 1.4 í viðmiðunartilboðinu. Vodafone taldi að sú kostnaðardeiling sem kveðið er á um í ákvæði 4.1.4 og skilyrði hennar gætu engan veginn verið réttlætanager og vildi nýta það úrræði að bera ákvæðið undir PFS.*

*Þann 18. júlí sl. sendi Vodafone tölvupóst til Símans með umræddri bókun og óskaði eftir að gengið yrði frá undirritun samtengisamnings í byrjun ágúst. Þrátt fyrir útrekaðar tilraunir til að fylgja þessu eftir fékkst Síminn ekki til þess að ganga frá málinu með formlegri undirritun.“*

Um málavexti að öðru leyti vísast til kafla II.

#### **3.2.**

### *Kröfugerð Vodafone*

Aðalkrafa Vodafone er að Símanum verði gert skylt að greiða helming af mánaðarlegum kostnaði vegna samtengistrauma milli félaganna. Vodafone gerir jafnframt þá kröfu að staðfest verði að

Símanum sé óheimilt að krefja Vodafone um endurgreiðslu á þeim hluta sem Síminn hefur greitt fyrir samtengistrauma milli félaganna frá 1. ágúst 2007.

Fallist PFS ekki á aðalkröfu Vodafone gerir Vodafone þá kröfu til vara að staðfest verði að Vodafone sé undir þeim 25% viðmiðum sem Síminn setur fyrir kostnaðarþátttöku sinni og að Síminn þurfi því að greiða kostnað við samtengistrauma milli félaganna að jöfnu við Vodafone.

Fallist PFS hvorki á aðalkröfu né varakröfu Vodafone gerir Vodafone þá kröfu til þrautavara að staðfest verði að félaginu sé heimilt að ákveða hvaða samtengistraumar verða settir upp á milli félaganna og hvernig þeim er háttað.

Verður nú gerð gein fyrir sjónarmiðum og málsástæðum Vodafone varðandi hverja kröfu fyrir sig:

### 3.2.1.

#### *Nánar um aðalkröfu Vodafone*

Vodafone gerir þá kröfu að Símanum verði gert skylt að greiða helming af kostnaði vegna samtengistrauma milli félaganna. Vodafone gerir jafnframt þá kröfu að staðfest verði að Símanum sé óheimilt að krefja Vodafone um endurgreiðslu á þeim hluta sem Síminn hefur greitt fyrir samtengistrauma milli félaganna.

Aðalkrafa Vodafone er studd þeim rökum að í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta (útgáfa 3.4-A), dags. 1. ágúst 2007, komi fram í ákvæði 4.1.4 að þátttaka Símans í mánaðarlegum kostnaði af samtengisamböndum milli Símans og viðsemjanda sé bundin ákveðnum skilyrðum sem gera það að verkum að útilokað er að Síminn þurfi að taka þátt í kostnaðinum. Hagsmunaaðilar, þ.á.m. Vodafone, gerðu athugasemdir við þetta ákvæði til PFS í umsagnarferli um viðmiðunartilboðið og benti Vodafone á m.a. að samningurinn ætti að vera gagnkvæmur og hafnaði því að Síminn greiddi viðsemjanda ekki stofn- og rekstrargjöld.

Í ákvörðun PFS nr. 13/2007 um viðmiðunartilboðið, dags. 25. júlí 2007, sagði m.a. að PFS gæti ekki fallist á það sjónarmið Símans að það væri ekki hagur fyrirtækisins að tengjast öðrum netum. PFS sagði að það hlyti að varða verulega hagsmuni viðskiptavina fyrirtækisins að geta hringt í notendur annarra neta sem og að nálgast þjónustu sem þar er í boði. Markmiðið um að allir geti hringt í alla varði því sameiginlega hagsmuni fjarskiptafyrirtækjanna og sé hornsteinn reglunnar um gagnkvæma samtengiskyldu. PFS hafi vísað í 24. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 um að fjarskiptafyrirtæki eigi bæði rétt á samtengingu við önnur fjarskiptanet og bæru jafnframt skyldu til að semja um samtengingu. Í því sambandi hefði því verið slegið föstu að hugsanlegur hagnaður eða tap hafi ekki áhrif á þá skyldu. Þá sagði PFS að ágreiningslaust ætti að vera að báðir aðilar legðu í einhverja vinnu við uppsetningu samtengisambanda og framkvæmd samtengingar og að til yrði kostnaður hjá báðum aðilum. Í því ljósi hlyti að telja eðlilegt að þau fjarskiptafyrirtæki sem semja við Símann ættu að einhverju leyti að geta krafist Símann um sambærilegan kostnað og Síminn er að krefja viðsemjendur sína um.

Telur Vodafone með hliðsjón af framangreindum rökstuðningi PFS að ekki verði séð hvernig stofnunin gæti fallist á það með Símanum að Vodafone eigi að bera allan kostnað af samtengistraumum milli félaganna. Að mati Vodafone er slík krafa bæði óréttmæt og í andstöðu við þá skyldu sem hvílir á Símanum á grundvelli 24. gr. fjarskiptalaga og samkvæmt ákvörðunum

PFS á markaði 16 og markaði 9. Auk þess bendir Vodafone á að fyrir gildistöku viðmiðunartilboðsins (útgáfu 3.4-A) skiptist mánaðarlegur kostnaður af samtengistraumum jafnt á milli félaganna, sbr. samkomulag félaganna frá 3. mars 2006. Í ljósi þess sé erfitt að skilja af hverju slíkt fyrirkomulag eigi ekki að gilda áfram og hvaða forsendur hafi breyst sem geri það að verkum að eðlilegt og sanngjarnt sé að viðsemjendur Símans beri að greiða allan kostnaðinn.

Að mati Vodafone er alveg ljóst að samtenging milli tveggja fjarskiptafélaga felur í sér bæði gagnkvæma hagsmuni og gagnkvæman kostnað. Þegar tvö fjarskiptafélög þurfa að tengjast saman með X \* 2MB samböndum til að flytja símtöl sín á milli myndast kostnaður, bæði stofn- og rekstrarkostnaður, við það í flutningskerfum. Þar sem um er að ræða samtengingu til þess að mögulegt sé að senda símtöl á milli viðskiptavina fjarskiptafélaganna, í báðar áttir, er eðlilegt að fjarskiptafélögin skipti jafnt með sér kostnaði við tengingarnar. Það er jafnnauðsynlegt báðum félögum að símtöl geti átt sér stað og einnig að símtölin virki í báðar áttir, og því engin rök fyrir öðru en að kostnaðinum sé skipt jafnt milli félaganna. Í öllum eðlilegum tilvikum þar sem fjarskiptafélög (t.d. Síminn, Nova og Vodafone) eru með hefðbundna fastlínu- og/eða farsímaþjónustu fyrir viðskiptavinum eru álíka mörg símtöl að flæða í báðar áttir, getur sveiflast um örfá prósent vegna t.d. útlandatenginga. Í ljósi þessa er eðlilegt að kostnaði við flutningsleiðir sé jafnt skipt á milli samningsaðila og þar af leiðandi er engan veginn hægt að fallast á það að Síminn eigi ekki að taka þátt í kostnaði við að tengja saman viðskiptavinum félaganna.

Þá telur Vodafone það algjörlega óásættanlegt að Símanum verði heimilað með skilyrðum sínum fyrir kostnaðardeilingu að takmarka lúkningarverð annarra fjarskiptafyrirtækja enda er þar um kostnað að ræða sem er algjörlega óviðkomandi kostnaði við samtengisambönd. Vodafone vill í þessu sambandi minna á að það er einungis PFS sem hefur heimild til að skylda fjarskiptafyrirtæki til að lækka lúkningarverð og skal það eingöngu gert á grundvelli markaðsgreiningar þar sem viðkomandi fyrirtæki er útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk og á það lagt kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Síminn, sem PFS hefur útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk bæði á markaði fyrir farsíma- og fastlínunet, geti ekki yfirfært þær kvaðir sem á félaginu hvíla vegna þessa á önnur fjarskiptafélög. Símanum á ekki að vera gert kleift með þessum hætti að refsa þeim fyrirtækjum sem hafa hærri lúkningarverð.

Að mati Vodafone eru þau skilyrði sem Síminn setur fyrir kostnaðardeilingu mjög samkeppnishamlandi fyrir nýja aðila á markaði og í algjörri andstöðu við eitt meginmarkmið PFS að efla samkeppni á fjarskiptamörkuðum. Vodafone vill í þessu sambandi taka sem dæmi að fjarskiptafyrirtæki sem setur upp 50% hærri lúkningarverð, en Síminn er að innheimta, til þess að mæta kostnaði vegna nýrra og óafskrifaðra kerfa, þarf fleiri milljónir lúkningarmínútna til að ná upp í kostnaðarmuninn við flutningskostnaðinn sem Síminn neitar að taka á sig. Vodafone vekur athygli á því að Síminn lítur svo á að lúkningarverð Vodafone uppfylli ekki skilyrði fyrir kostnaðardeilingu. Ef PFS fellst á að það með Símanum þá verður að telja að ekkert starfandi fjarskiptafyrirtæki á Íslandi geti uppfyllt umrætt skilyrði Símans.

Með hliðsjón af framangreindu telur Vodafone að ekki sé hægt að komast að annarri niðurstöðu en að Símanum sé óheimilt að skilyrða kostnaðarþátttöku sína í samtengingum milli símsstöðva með þeim hætti sem gert er í ákvæði 4.1.4 í viðmiðunartilboðinu.

Eins og fram hefur komið hér að framan heldur Síminn því fram að með gildistöku viðmiðunartilboðsins þann 1. ágúst 2007 hafi það tilboð tekið gildi sem samningur milli Símans

og Vodafone án undirritunar og á þeim grundvelli hefur Síminn gert þá kröfu að Vodafone greiði að fullu kostnað vegna samtengistrauma milli félaganna þar sem lúkningarverð Vodafone uppfylla ekki þau skilyrði sem gerð eru til kostnaðardeilingar í ákvæði 4.1.4. Vodafone hafnar þessum fullyrðingum Símans enda telur Vodafone að Símanum sé óheimilt að skilyrða kostnaðarþátttöku sína eins sýnt hefur verið fram á. Þá bendir Vodafone einnig á að í grein 1.4 í viðmiðunartilboðinu segir að birta skuli nýtt viðmiðunartilboð til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda hans. Geti viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur samtengingarsamningur aðeins gildi varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni samtengingarsamnings/viðmiðunartilboðs til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá segir að við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs skuli skýra eldri samtengingarsamninga með hliðsjón af hinum breyttu ákvæðum viðmiðunartilboðsins.

Eins og fram hefur komið hefur Vodafone í fyrsta lagi aldrei undirritað samtengisamning við Símann og í öðru lagi hefur Símanum verið kunnugt um það frá upphafi að Vodafone sætti sig ekki við ákvæði 4.1.4 og hygðist skjóta þeim ágreiningi til úrlausnar PFS þegar félögin höfðu skrifað undir nýjan samtengisamnings á grundvelli viðmiðunartilboðsins. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að fá Símann að samningsborðinu hefur það ekki tekist. Í ljósi þessa og með vísan til framangreindar greinar 1.4 þá telur Vodafone að ákvæði 4.1.4 hafi hvorki tekið gildi gagnvart félaginu né skapað því greiðsluskyldu. Vodafone lítur svo á að samkomulag félaganna frá 3. mars 2006 sé enn í fullu gildi og að kostnaður eigi að skiptast jafnt á milli félaganna þar til niðurstaða um annað liggur fyrir.

Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að Símanum sé ekki heimilt að skilyrða kostnaðarþátttöku sína í samtengistraumum og að Símanum beri að greiða kostnað við samtengistrauma milli félaganna að jöfnu við Vodafone.

### 3.2.2.

#### *Sjónarmið Símans um aðalkröfu*

Í athugasemdum Símans er m.a. vikið að því að fyrirtækið telur að tilvísun Vodafone til ákvæðis 1.4. í viðmiðunartilboði Símans styðji ekki málflutning Vodafone, þar sem með ákvörðun PFS nr. 13/2007, um breytingar á innihaldi viðmiðunartilboðs 3.4 hafi verið teknar inn breytingar á gildandi viðmiðunartilboði, sem varð útg. 3.4.A. Telur Síminn að ákvæðið sjálft taki af öll tvímæli um þetta, en ákvæðið sé svohljóðandi:

#### *1.4. Breytingar á samningi*

*„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar að minnst kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samtengisamningur milli Símans og viðsemjanda hans. Geti viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur samtengisamningur aðeins gildi varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni samtengingarsamnings/viðmiðunartilboðs til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.*

*Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs skal skýra eldri samtengingarsamninga með hliðsjón af hinum breyttu ákvæðum viðmiðunartilboðsins. Að jafnaði er ekki litið*



svo á að til þurfi að koma sérstök undirskrift Símans og viðsemjanda vegna breytinga á efni samtengingarsamninga, í hver sinn sem viðmiðunartilboði er breytt.

Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta“ á vef sínum, þar sem fram koma áformaðar breytingar á efni samtengingasamninga.“

Bendir Síminn á að umrætt viðmiðunartilboð hafi fyrst tekið gildi að undangenginni kynningu og umsagnarferli, þar sem öðrum fjarskiptafyrirtækjum hafi gefist tækifæri til að senda inn athugasemdir sínar. Fram komi á bls. 26 og 27 í ákvörðun 13/2007, að fjarskiptafyrirtækjum hafi verið gefin kostur á að gera athugasemdir við þær breytingar sem Síminn gerði á 4. kafla viðmiðunartilboðsins með útg. 3.4. Engar athugasemdir bárust frá fjarskiptafyrirtækjum um þær breytingar.

Að loknu umsagnarferlinu hafi Póst- og fjarskiptastofnun skorið úr um þau mál sem ágreiningur var um, með ákvörðun nr. 13/2007. Þar voru af hálfu PFS ákveðnar tilteknar breytingar á upphaflega viðmiðunartilboðinu (útg. 3.4) og tók hið nýja tilboð (útg. 3.4.A) breytingum til samræmis við það.

Síminn telji því ótvírætt að sú málsmeðferð sem lýst hafi verið feli í sér bindandi niðurstöðu af hálfu PFS sem samningsaðilar verða að lúta.

### 3.2.3.

#### Nánar um varakröfu Vodafone

Varakrafa Vodafone er að staðfest verði að Vodafone sé undir þeim 25% viðmiðum sem Síminn setur fyrir kostnaðarþátttöku sinni og að Síminn þurfi því að greiða kostnað við samtengistrauma milli félaganna að jöfnu við Vodafone.

Í bréfi Símans frá 17. október sl. er fullyrt að lúkningarverð Vodafone uppfylli ekki skilyrði í ákvæði 4.1.4. Vodafone hafnar þessu enda byggja útreikningar Símans eingöngu á fastlínuverðskrár félaganna. Að mati Vodafone er nauðsynlegt að taka bæði lúkningarverð í farsíma- og fastlínunetum með í útreikninginn þar sem í gegnum umrædda samtengistrauma fer öll talsímaumferð á milli félaganna.

Til stuðning þessu sjónarmiði fyrirtækisins lagði það fram yfirlit um samtengiuppgjör á milli félaganna í janúar 2009:

Kerfi A	Kerfi B	Time band	Upphags.gj.	mín.gj.	fj. Uppkalla	fj. Min.	Samtals
Síminn	VF - Farsími	N/A	0,00 kr.	7,49 kr.	3.212.268	7.070.235	52.956.063 kr.
Síminn	VF - Fastlína	Off Peak	0,99 kr.	0,44 kr.	1.164.011	5.058.373	3.378.055 kr.
Síminn	VF - Fastlína	Peak	0,99 kr.	0,66 kr.	1.961.727	6.007.617	5.907.137 kr.
							<b>Samtals gjaldfært af Vodafone</b>
							<b>62.241.255 kr.</b>
Vodafone	Síminn - Farsími	N/A	0,00 kr.	7,49 kr.	2.959.967	6.538.685	48.974.750 kr.
Vodafone	Síminn - Fastlína	Off Peak	0,68 kr.	0,26 kr.	1.217.151	6.004.890	2.388.934 kr.
Vodafone	Síminn - Fastlína	Peak	0,68 kr.	0,44 kr.	2.125.576	6.080.249	4.120.701 kr.
							<b>Samtals gjaldfært af Símanum</b>
							<b>55.484.385 kr.</b>

Telur Vodafone að ef skoðað sé meðalverð á hverri mínútu sem send sé í gegnum samtengistraumana þá sé það 3,04703 kr. hjá Vodafone og 2,855184 kr. hjá Símanum eða munur upp á 7%. Ef vegið meðalverð væri hins vegar skoðað (þ.e. meðalverð hveðrar mínútu sem send er í gegnum kerfin) þá sé verð Símans 2,979216 kr. á móti 3,431875 kr. hjá Vodafone eða munur upp á 15%. Aukin verðmunur í vegnu meðalverði skýrist af sterkari markaðstöðu Símans í fastlínu sem gerir það að verkum að hlutfallslega fleiri símtöl sem fara frá Vodafone enda í fastlínu hjá Símanum, heldur en símtöl frá Símanum sem enda í fastlínu hjá Vodafone.

Með hliðsjón af framangreindu þá taldi Vodafone ljóst að fyrirtækið væri langt undir 25% mörkum Símans og því bæri Símanum að greiða kostnað við samtengistrauma milli félaganna að jöfnu við Vodafone.

### 3.2.4.

#### *Sjónarmið Símans um varakröfu*

Í athugasemdum Símans við varakröfu Vodafone bendir Síminn á að í grein 4.1.4. í viðmiðunartilboði Símans útg. 3.4.A, sé fjallað um skilyrði þess að Síminn geti tekið þátt í kostnaði af samtengistraumum. Þar komi skýrt fram að meðal þeirra skilyrða sé eftirfarandi:

*„Lúkningarverð viðsemjanda er að hámarki 25% hærra en lúkningarverð Símans m.v. dagtaxta og eða að hámarki 40% hærra m.v. KNH taxta fyrir lúkningu samskonar umferðar.“*

Telur Síminn að það verði að skoðast sem tilraun til að mistúlka eða breyta innihaldi þessarar greinar, þegar Vodafone blandar inn í þetta lúkningargjöldum fyrir farsíma. Textinn tali sínu máli og það liggi ljóst fyrir að enn sé staðan sú að fyrir samskonar umferð séu lúkningargjöld Vodafone fyrir hverja mínútu 50% til 69% hærri en Símans fyrir fastlínu umferð og verði að óbreyttu áfram hærri en Símans, allt til 4. des. 2012. Það sé alveg skýrt að ef Síminn hefði sett umrætt skilyrði með það í huga að taka ætti einhverskonar meðaltal, eins og felist í útskýringum Vodafone, hefði umrætt skilyrði verið orðað með öðrum hætti. Varakrafa Vodafone stenst því ekki skoðun eða samanburð við gildandi ákvæði umrædds skilyrðis í grein 4.1.4.

### 3.2.5.

#### *Nánar um þrautavarakröfu Vodafone.*

Fallist PFS hvorki á fyrri aðalkröfu né varakröfu Vodafone gerir fyrirtækið þá kröfu til þrautavara að staðfest verði að félaginu sé heimilt að ákveða hvaða samtengistraumar verða settir upp á milli félaganna og hvernig þeim sé háttað. Ákveði PFS að fallast á það með Símanum að Vodafone sé skylt að greiða allan kostnað vegna samtengistrauma milli félaganna þá verður að telja að það sé bæði eðlilegt og sanngjarnt að Vodafone geti sett upp samtengingstraumanna á hvern þann hátt sem hentar félaginu best.

Voru tillögur Vodafone þar að lútandi kynntar Símanum með bréfi, dags. 28. nóvember 2008. Efni bréfsins er tekið upp í kafla 2.5. hér að framan og þykir PFS ekki vera efni til þess að endurtaka þá umfjöllun hér.

### 3.2.6.

#### *Sjónarmið Símans um þrautarvarakröfu*

Í bréfi Símans til Vodafone, dags. 23. janúar 2009, var þrautarvarakröfu Vodafone efnislega svarað. Kom þar fram sú afstaða fyrirtækisins að tillögur Vodafone um högun samtengistraumanna leiddu ekki til aðgengilegrar niðurstöðu fyrir Símann. Var í því sambandi vísað til þriggja meginskýringa. *Í fyrsta lagi* væri ekki talið heppilegt að færa samtengipunkta nær símstöðvum Símans m.a. með hliðsjón af aðgengi lagnaleiðum o.fl. þáttum. *Í öðru lagi* væri það Míla sem annaðist tengingar og legði til sambönd vegna samtengingar við símstöðvar frá þessum samtengistöðum. *Í þriðja lagi* var tiltekið að fyrirkomulag núverandi tenginga inná símstöðvar Símans fælu í sér meira öryggi tenginga og aðgengi til eftirlits með samtengiumferð. Sjónarmiðum Símans varðandi þessi atriði voru gerð ítarlegri skil í kafla 2.6. hér að framan.

Þessi afstaða Símans var síðan ítrekuð með bréfi fyrirtækisins, dags. 15. júní 2009, en þar segir m.a. eftirfarandi í niðurlagi bréfsins:

„Eins og fram hefur komið fela umræddar tillögur Vodafone í sér skert öryggi, kröfu um skipulagsbreytingar, aukna umsýslu, kaup og uppsetningu á búnaði almennt stórukið flækjustig vegna samtengistrauma Símans. Auk þess þarf að hafa í huga aukinn kostnað vegna aðgengismála, á vegum Mílu, sem komið gæti til auk fleiri þátta.

Að mati Símans er því ljóst að í þessum kröfum felst mikið óhagræði og verulega aukinn kostnaður, sem Síminn er ekki tilbúinn til að taka á sig, né heldur hugsanlegan viðbótarkostnað sem fylgja kann, ef farið yrði að kröfu Vodafone. Einnig er ljóst að aðeins um skammtímalausn að ræða, þ.e.a.s. þar til Vodafone uppfyllir skilyrði í viðmiðunartilboði, um jöfnun lúkningarverða fyrir samskonar umferð.“

## IV.

### *Forsendur og niðurstaða*

#### 4.1.

##### *Almennt*

Fyrir liggur ákvörðun PFS nr. 11/2009 frá 23. júní 2009 þar sem hinn umþrætti skilmáli viðmiðunartilboðsins 4.1.4 um *kostnaðardeilingu*, þ.e. skilyrði fyrir þátttöku Símans í kostnaði af samtengistraumum, hefur verið felldur út úr gildandi viðmiðunartilboði fyrirtækisins um samtengingu talsímaneta (útgáfa 3.5). Í stað hans hefur verið settur nýr skilmáli sem miðar kostnaðarþátttöku Símans á samtengistraumum við magn þeirrar umferðar sem fyrirtækið sendir í net viðsemjanda. Úrlausnarefni þessa máls lýtur þannig að því hvort og þá að hvaða marki umræddur skilmáli hafi gilt í viðskiptum Vodafone og Símans frá gildistöku fyrra viðmiðunartilboðs (útgáfa 3.4) þann 1. ágúst 2007, samkvæmt ákvörðun PFS nr. 13/2007, þar til hann var felldur brott og ákvæðinu breytt þann 23. júní 2009 með fyrirnefndri ákvörðun nr. 11/2009.

## 4.2.

### *Lagaumhverfi*

Samkvæmt lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun er það hlutverk PFS að taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskipta- og pósthjónustu og upplýsingatækni, m.a. með því að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist og fjarskipta- og pósthjónustu, sbr. a.-lið 3. liðar 1. mgr. 3. laganna.

Samtenging neta og aðgangur að ómissandi aðstöðu er ein helsta forsenda þess að fjarskiptamarkaðurinn þróist og að virk samkeppni myndist. Í tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2002/19/EB um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (aðgangstilskipunin) er mælt fyrir um ákveðnar reglur í þessum efnum. Er það fyrst og fremst á ábyrgð fjarskiptafyrirtækjanna sjálfra að ná samningum um samtengingu neta til að ná fullri gagnvirkni þjónustu, sbr. 4. gr. tilskipunarinnar, en þar segir:

„Rekstraraðilar almennra fjarskiptaneta skulu hafa rétt og, ef önnur fyrirtæki með leyfi fara fram á það, einnig skyldur til að gera samninga sín á milli um samtengingu með það fyrir augum að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg í þeim tilgangi að tryggja framboð og rekstrarsamhæfi þjónustunnar hvarvetna í bandalaginu. Rekstraraðilar skulu bjóða öðrum fyrirtækjum aðgang og samtengingu með skilmálum og skilyrðum sem samrýmast þeim skyldum sem innlent stjórnvald leggur á skv. 5., 6., 7., og 8. gr.“

Takist aðilum ekki að ná samningum um samtengingu fjarskiptaneta gerir tilskipunin ráð fyrir því að eftirlitsstjórnvaldið grípi inn í með viðeigandi aðgerðum, sbr. 4. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, hún hljóðar svo:

„Að því er varðar aðgang og samtengingu skulu aðildarríkin tryggja að innlent stjórnvald hafi vald til að grípa inn í að eigin frumkvæði í rökstuddum tilvikum eða, þar sem ekki er fyrir hendi samningur milli fyrirtækja, að beiðni annars hvors aðilans, sem hlut á að máli, í því skyni að tryggja markmið stefnunnar sem fram kemur í 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar) í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og málsmeðferðina sem um getur í 6., 7., 20. og 21. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).“

Fjarskiptaregluverk Evrópusambandsins, þ.m.t. framangreind aðgangstilskipun, hefur verið innleitt í íslenska löggjöf. Í lögum um fjarskipti nr. 81/2003 er fjallað um samtengingu neta og þjónustu og aðgang að þeim í VII. kafla laganna. Í 1. mgr. 24. gr. laganna er mælt fyrir um skyldu til samtengingar fjarskiptaneta, sbr. eftirfarandi:

*„Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu skulu eiga rétt á og þeim ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu.“*

Þessu ákvæði er ætlað að tryggja gagnvirkni þjónustu þannig að notendur sem eru tengdir einu fjarskiptaneti geti haft samband við notendur sem eru tengdir öðru fjarskiptaneti. Skyldan hvílir á öllum fyrirtækjum á markaði óháð stöðu þeirra á markaðnum og eiga samningaviðræður á milli

fyrirtækja undir öllum kringumstæðum að leiða til samtengisamnings, sbr. orðalagið „.....ber skylda til að semja um...“

Til viðbótar þessu ákvæði hvílir jafnframt á Símanum, sem hefur verið útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á mörkuðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 8-10), sú skylda á grundvelli 29. fjarskiptalaga að birta svokallað viðmiðunartilboð um samtengingu (RIO).<sup>2</sup> Megintilgangur þess er að fastsetja ýmis atriði varðandi skilmála og verð fyrir þá þjónustu sem Símanum, sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk, er skylt að veita. Viðmiðunartilboð Símans markar þá að einhverju leyti fyrirfram þá samningsstöðu sem fyrirtækið er í gagnvart öðrum fyrirtækjum á markaði, sjá nánar ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2007. Önnur fyrirtæki á markaði hafa ekki sambærilegar skyldur og Síminn að þessu leyti þegar kemur að gerð samtengingarsamninga. Það er hlutverk PFS að túlka viðmiðunartilboð Símans með það fyrir augum að það sé í fullu samræmi við álagða kvöð, samkvæmt ákvörðun nr. 29/2008, sbr. og 24. og 29. gr. fjarskiptalaga.

Í 2. til 6. mgr. 24. gr. er kveðið á um skyldur Póst- og fjarskiptastofnunar og aðkomu að gerð samtengingarsamninga á milli fyrirtækja. Stofnunin skal m.a. leitast við að tryggja aðgang og samtengingu og gagnvirkni þjónustu á fullnægjandi hátt og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir takmarkanir sem hindra fyrirtæki í að gera samtengingarsamninga sín á milli.

Á grundvelli þessara heimilda hefur PFS í fyrri ákvörðun þurft að hafa aðkomu að samtengingu neta þegar ekki hefur náðst samkomulag með aðilum. Í ákvörðun nr. 2/2008 varðaði ágreiningsefnið samtengiverðskrá Nova, en Síminn taldi lúkningsverð samkvæmt henni væru of há og gat því ekki fallist á hana. Varðandi heimild sína til íhlutunar í því máli horfði stofnunin jafnframt til réttar fjarskiptafyrirtækis til að bera ágreining sinn við annað fjarskiptafyrirtæki undir ákvörðun PFS, samkvæmt 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. eftirfarandi:

„[...] Er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að ágreiningur aðila um gjaldskrá Nova um lúkningsverð símtala inn í farsímanet fyrirtækisins heyrir undir Póst- og fjarskiptastofnun. Af því leiðir að stofnunin er bær til að kveða upp ákvörðun um réttmæti samtengiverðskrár Nova fyrir lúkningu símtala, þannig að fullgildur samtengingarsamningur sé kominn á milli aðila, sem tekur á öllum þeim þáttum sem nauðsynlegt er að ná samkomulagi um, sbr. 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, sbr. 24. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Þessi niðurstaða fær einnig stoð í formála 32 í tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002. Þar kemur m.a. fram, að ef upp kemur ágreiningur milli fyrirtækja í sama aðildarríki, t.d. að því er varðar skyldur um aðgang og samtengingu, á aðili sem hallað er á og samið hefur í góðri trú en ekki komist að samkomulagi, að geta leitað til innlands stjórnvalds um að leysa úr ágreiningnum, sbr. og 20. gr. tilskipunarinnar.“

Fyrir liggur í þessu máli að ágreiningur er með Vodafone og Símanum um veigamikið atriði í tengslum við samtengingu, þ.e. skiptingu kostnaðar vegna samtengistrauma, þ.m.t. um skilmála

<sup>2</sup> Sjá ákvörðun PFS nr. 29/2008 frá 4. desember 2008.

4.1.4. „*Kostnaðardeiling* í viðmiðunartilboði Símans varðandi skilyrði fyrirtækisins fyrir þátttöku í slíkum kostnaði. Hafa aðilar því ekki náð samkomulagi um alla nauðsynlega þætti samtengissamnings samkvæmt 1. mgr. 24. gr. fjarskiptalaga. Hefur Vodafone með erindi sínu, dags. 17. febrúar 2009, vísað ágreiningnum til úrlausnar PFS.

Að öllu framangreindu virtu er mál þetta tekið til úrlausnar á grundvelli 24. og 29. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, sbr. og 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

### 4.3.

#### *Um kostnaðarskiptingu*

Í kafla 3.13. í ákvörðun PFS nr. 13/2007, er fjallað um greinar 4.1.2. „*Tengingargjöld*“, 4.1.3. „*Leigulínur*“ og grein 4.1.4. „*Kostnaðardeiling*“. Athugasemdir fjarskiptafyrirtækja lutu einkum að þeim skilmála í grein 4.1.2 þar sem efnislega kom fram að Síminn greiddi viðsemjanda ekki stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum. Töldu umsagnaraðilar almennt að þessi réttur ætti að vera gagnkvæmur og höfnuðu því að þau gætu ekki krafist Símann um sambærileg gjöld. Síminn aftur á móti hélt því fram að ástæða þess að þessi tiltekni skilmáli væri settur væri sú að það væri ekki Síminn sem óskaði eftir samtengingu og hefði að líkindum engan hag af henni. Hagur viðsemjanda væri aftur á móti ótvíræður þar sem tenging við Símann gæfi viðsemjanda kost á sambandi við öll fjarskiptanet landsins og umheiminn. Viðsemjendur Símans gætu valið að komast hjá þessum kostnaði með því að tengjast ekki Símanum. Síminn hefði hins vegar ekkert val og því væri sanngjarn að sá kostnaður sem til félli yrði greiddur af viðsemjanda.<sup>3</sup>

Í niðurstöðu stofnunarinnar varðandi þessi sjónarmið Símans segir m.a.

„Póst- og fjarskiptastofnun getur ekki fallist á það sjónarmið Símans að það sé ekki hagur fyrirtækisins að tengjast öðrum netum. Hlýtur það að varða verulega hagsmuni viðskiptavina fyrirtækisins að geta hringt í notendur annarra neta sem og að nálgast þjónustu sem þar er í boði. Markmiðið um að allir geti hringt í alla varða því sameiginlega hagsmuni fjarskiptafyrirtækjanna og er hornsteinn reglunnar um gagnkvæma samtengiskyldu. Eins og áður hefur komið fram eiga fjarskiptafyrirtæki bæði rétt á samtengingu við önnur fjarskiptanet og bera jafnframt skyldu til að semja um samtengingu, sbr. 24. gr. fjarskiptalaga. Í því sambandi hefur því verið slegið föstu að hugsanlegur hagnaður eða tap hafi ekki áhrif á þá skyldu.

Tilgangur með samtengingu er m.a. sá að koma á gangvirkri þjónustu þannig að áskrifendur Símans geti haft samband við áskrifendur annarra fjarskiptaneta og öfugt.

Í athugasemdum þeirra fyrirtækja sem skiluðu inn umsögn um viðmiðunartilboð Símans er m.a. lögð áhersla á að öll mánaðar- og uppsetningagjöld séu gagnkvæm. Þessu tengist einnig því skilyrði sem Síminn setur upp í viðmiðunartilboði grein 4.1.4. um kostnaðardeilingu og þátttöku Símans í mánaðarlegum kostnaði tengingargjalda og sambanda. Engar kvaðir eru hins vegar á viðsemjendum Símans samkvæmt fjarskiptalögum að því er viðkemur samtengingu nema þær sem leiddar verða af 24. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um rétt og skyldu til samtengingar.

<sup>3</sup> Sjá nánar kafla 3.13.1. í ákvörðun nr. 13/2007.

Síðar segir:

„Ágreiningslaust ætti að vera að báðir aðilar leggja í einhverja vinnu við uppsetningu samtengisambanda og framkvæmd samtengingar og að til verður kostnaður hjá báðum aðilum. Í því ljósi hlýtur að teljast eðlilegt að þau fjarskiptafyrirtæki sem semja við Símann ættu að einhverju leyti að geta krafist Símann um sambærilegan kostnað og Síminn er að krefja viðsemjendur sína um. Í hve miklu mæli eða nákvæmlega fyrir hvað Síminn ætti hugsanlega að greiða fyrir aðgang að öðrum netum ræðst væntanlega af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig og ekki eru forsendur til þess í þessu máli að kveða á um að öll mánaðar- og uppsetningargjöld séu gagnkvæm. Með vísun til þessa og 24. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um að fyrirtæki skuli semja um skilmála samtengingar verður að telja að skilyrði greinar 4.1.2 þar sem kveðið er á um að Síminn greiði viðsemjanda ekki stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum, sé full afdráttarlaust og takmarki rétt fjarskiptafyrirtækja til að semja um samtengingu við Símann, þar sem Síminn gæti í viðræðum um samtengingu borið fyrir sig tilvitnað ákvæði.“

Af ofangreindu má ljóst vera að stofnunin leit svo á m.a. með tilvísun til 24. gr. fjarskiptalaga að í viðræðum um gerð samtengisamnings sem byggir á gildandi viðmiðunartilboði yrði samið um kostnaðarskiptingu með hliðsjón af atvikum í hverju tilviki fyrir sig. Undir rekstri þessa máls sem hér er til úrlausnar hefur verið upplýst að fyrirtækin náðu samkomulagi þann 3. mars 2006 um skiptingu kostnaðar af samtengingasamböndum. Upplýsingum varðandi það samkomulag fyrirtækjanna var ekki komið á framfæri við PFS í því umsagnarferli sem stofnað var til af hálfu PFS í tengslum við ákvörðun 13/2007. Má því í raun segja að Síminn og Vodafone hafi þá þegar verið búin að semja um skiptingu kostnaðar á samtengingasamböndum í samræmi við þær línur sem stofnunin lagði með ákvörðun sinni nr. 13/2007.

#### 4.4.

##### *Áhrif breytinga á viðmiðunartilboði á gildandi samtengisamninga*

Í málinu heldur Síminn því fram að framangreint samkomulag hafi fallið niður við gildistöku viðmiðunartilboðsins þann 1. ágúst 2007 þar sem kveðið er á um skilyrði fyrir kostnaðarþátttöku Símans. Vodafone aftur á móti heldur því fram að samkomulagið sé í fullu gildi þar til samið hefur verið um annað.

Kemur þá til skoðunar með hvaða hætti breytingar á viðmiðunartilboði, sem samþykktar hafa verið af hálfu PFS, hafa áhrif á gildandi samtengisamninga Símans við viðsemjendur sína. Í skilmála 1.4. í viðmiðunartilboði Símans útgáfu 3.4. segir um þetta eftirfarandi:

*“Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda hans. Geti viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur samtengingarsamningur aðeins gildi varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni samtengingarsamnings/viðmiðunartilboðs til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.*

*Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs skal skýra eldri samtengingarsamninga með hliðsjón af hinum breyttu ákvæðum viðmiðunartilboðsins. Að jafnaði er ekki litið svo á að til þurfi að koma sérstök undirskrift Símans og viðsemjanda vegna breytingar á efni samtengingarsamninga, í hvert sinn sem viðmiðunartilboði er breytt.*

Þó svo að meginreglan um samningsfrelsi aðila sæti takmörkunum samkvæmt 24. gr. fjarskiptalaga, t.d. er lögð skylda á fjarskiptafyrirtæki að ná samkomulagi um samtengingu neta og þjónustu, er ljóst að ákvæðið eftirlætur aðilum svigrúm til að semja um efni samtengisamnings. Enda var það ein af meginniðurstöðum PFS í ákvörðun 13/2007 að fyrirtækin myndu semja um skiptingu kostnaðar af samtengisamböndum.

Á markaði fyrir upphaf, lúkningu og flutningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 8-10) ber Síminn m.a. kvaðir um að gæta jafnræðis og viðhafa gagnsæi. Í því sambandi skal fyrirtækið birta skilmála og kjör fyrir samtengingu með aðgengilegum hætti í viðmiðunartilboði. Símanum eru þannig settar þær skorður að semja innan ramma viðmiðunartilboðs, nema að fyrirtækið freisti þess að fá því breytt með samþykki PFS. Tilgangur viðmiðunartilboðs er því annars vegar að uppfylla markmið um gagnsæi þannig að skilmálar og kjör vegna samtengingar liggi fyrir á aðgengilegan hátt og hins vegar að tryggja að samræmi sé milli efni samtengisamninga þannig að viðsemjendum Símans sé ekki mismunað. Þótt gildandi viðmiðunartilboð, eins og það hefur verið samþykkt af PFS, kunni að marka ákveðna samningsstöðu Símans þókar það ekki samningsfrelsi aðila samkvæmt 24. gr. fjarskiptalaga. Þessi skilningur birtist í framangreindum skilmála 1.4 um breytingar á viðmiðunartilboði, en þar segir: „*Geti viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur samtengingarsamningur aðeins gildi varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um.*“ Í þessu felst að samþykki PFS á viðmiðunartilboði vikur ekki til hliðar rétti viðsemjanda til að reyna að ná samningum við Símann um atriði sem hann getur ekki fellt sig við í viðmiðunartilboðinu. Náist ekki samkomulag með aðilum kveður skilmálinn á um þeir geti hvor um sig borið ágreininginn undir PFS. Það að PFS hafi samþykkt viðmiðunartilboð þýðir ekki að það standi óhaggað og að PFS geti ekki breytt því í tengslum við sérstakt ágreiningsmál um tiltekna þætti viðmiðunartilboðs sem viðsemjandi getur ekki fellt sig við. Á sama hátt verður að telja að PFS geti skýrt frekar tiltekna skilmála viðmiðunartilboða með réttarskýrandi ákvörðunum. Hins vegar gefur það augaleið að hafi PFS þegar fjallað um hina umdeildu þætti viðmiðunartilboðs í samþykktarferli þess, á grundvelli sömu sjónarmiða sem haldið er fram af hálfu viðsemjanda, þá hlyti sú niðurstaða að vera fordæmisgefandi um lyktir ágreiningsmálsins, sbr. jafnræðisreglu 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem felur í sér að samræmis skuli gætt í stjórnarsýslu.<sup>4</sup>

Í því tilviki sem hér um ræðir er ágreiningur um hvort að skilyrði fyrir þátttöku Símans í kostnaði af samtengistraumum, samkvæmt skilmála 4.1.4. *Kostnaðardeiling*, hafi öðlast gildi gagnvart Vodafone frá 1. ágúst 2007, með ákvörðun PFS nr. 13/2007, þar til skilmálanum var breytt þann 23. júní 2009 með ákvörðun PFS nr. 11/2009. Við úrlausn þessa álitæfnis verður að horfa til málsatvika og sjónarmiða málsaðila í tengslum við ákvörðun PFS nr. 13/2007 annars vegar varðandi umræddan skilmála 4.1.4 *Kostnaðardeiling*, en hann var að finna í viðmiðunartilboði

<sup>4</sup> Nánari rökstuðningur fyrir heimild PFS til að breyta viðmiðunartilboði, sem áður hefur verið samþykkt af hálfu stofnunarinnar, er að finna í kafla 2.3 í ákvörðun hennar nr. 11/2009, en þar var því m.a. hafnað að ákvæði 24. og 25. gr. stjórnarsýslulaga um afturköllun ákvörðunar og endurupptöku máls ættu við þegar viðmiðunartilboði er breytt á grundvelli 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga.



um samtengingu talsímaneta sem Síminn tilkynnti um þann 26. október 2005, sbr. og með síðari breytingum þann 30. nóvember sama ár, og hins vegar skilmála 1.4. *Breytingar á samningi*, eins og Síminn hugðist breyta honum með tilkynningu frá 27. apríl 2007.

Að því er varðar skilmála 1.4 *Breytingar á samningi* var því mótmælt í svarbréfi Vodafone, dags. 3. maí 2007, að viðmiðunartilboð Símans gæti tekið gildi sem nýr samtengisamningur án samþykkis fyrirtækisins. Var vísað til þess að samkvæmt fjarskiptalögum bæri aðilum að semja um samtengingu neta. Leitað hefði verið eftir því við Símann frá því í mars 2006 um að ganga frá samningi um samtengingu talsímaneta og var skorað á Símann að ganga til samninga þar um. Í athugasemdum til PFS, dags. 25. júní 2007, ítrekaði Vodafone sjónarmið sín um að nýtt viðmiðunartilboð gæti ekki tekið gildi sem nýr samtengisamningur milli aðila án samþykkis fyrirtækisins. Áður hafði fyrirtækið, sbr. bréf dags. 10. janúar 2006, gert efnislegar athugasemdir við fyrirhugaðan skilmála 4.1.4 *Kostnaðardeiling*, sbr. eftirfarandi:

„Og Vodafone mótmælir harðlega skilmálum þeim sem birtast í lið 4.1.4 um kostnaðardeilingu. Því er alfarið hafnað að unnt sé að skylda viðsemjanda til að samþykkja sömu lúkningarverð til að um kostnaðardeilingu geti verið að ræða. Og Vodafone ítrekar að grundvallarreglan við verðlagningu aðgangs og samtengingar er að slík verð skuli byggð á raunkostnaði. Því fer fjarri að kostnaður viðsemjanda Símans sé ávallt hinn sami. Með ákvæði þessu er Síminn að reyna skáskjóta sér undan skyldum sínum sem aðili með umtalsverða markaðshlutdeild talsímaþjónustu.“

Í ákvörðun sinni nr. 13/2007 féllst PFS í meginatriðum á sjónarmið Vodafone þess efnis að breytt viðmiðunartilboð gæti ekki öðlast sjálfkrafa gildi sem samtengisamningur milli aðila án þess að viðsemjandi hefði eitthvað um það að segja, sbr. kafla 3.1.2. í ákvörðuninni. Á hinn bóginn var ekki litið framhjá sjónarmiðum um hagræði og skilvirkni þannig að breytingar á viðmiðunartilboði, sem enginn ágreiningur stæði um, gætu tekið gildi án þess að undirritaður væri nýr samtengisamningur. Því var mótuð sú regla að frá því að viðsemjanda væri tilkynnt um breytingar á viðmiðunartilboði gæti hann innan þriggja mánaða gert athugasemdir við það. Ef til staðar væru einhverjir þættir í viðmiðunartilboðinu sem viðsemjandi gæti ekki sætt sig við öðlaðist það bara gildi sem nýr samtengisamningur milli aðila um þá þætti sem enginn ágreiningur væri um.

Samkvæmt þessu geta breytingar á viðmiðunartilboði tekið gildi gagnvart viðsemjanda, sem nýr samtengisamningur milli aðila, nema að hann geri reka að því að mótmæla því að hluta eða öllu leyti innan þriggja mánaða frá tilkynntum breytingum. Þó ber að hafa í huga að breytingar á viðmiðunartilboði geta almennt ekki öðlast gildi nema fyrir liggi samþykki PFS. Skilmáli 1.4 *Breytingar á samningi* tiltekur hins vegar ekki frá hvaða tímamarki miða skuli þriggja mánaða frest viðsemjanda til andmæla. Gerir skilmálinn þannig ekki kröfu til þess að viðsemjandi komi hugsanlegum andmælum sínum á framfæri eftir að viðmiðunartilboð hefur verið staðfest af hálfu PFS. Verður því að telja að fullnægjandi að mótmæli hafi komið fram á einhverju tímamarki frá því að Síminn tilkynnir um fyrirhugaðar breytingar á viðmiðunartilboði þar til að þrjú mánuðir eru liðnir frá staðfestingu PFS á því. Áður fram komin mótmæli geta haft gildi eftir staðfestingu PFS á viðmiðunartilboði hafi stofnunin í ákvörðun sinni um staðfestingu á viðmiðunartilboði ekki fjallað um þau atriði sem deilt er um með þeim hætti að sú niðurstaða væri bindandi varðandi síðari úrlausnir stofnunarinnar um sama efni.

Álitamál um það hvenær andmæli, samkvæmt skilmála 1.4 *Breytingar á samningi*, teljast vera nægilega tímanlega fram komin geta enn fremur ráðist af framkvæmd Símans á samtengisamningi við viðsemjanda. Breyti Síminn ekki framkvæmd sinni til samræmis við breytingar á viðmiðunartilboði getur viðsemjandi öðlast réttmætar væntingar til þess að nýr samtengisamningur gildi ekki samkvæmt orðanna hljóðan til samræmis við breytt viðmiðunartilboð varðandi þau atriði sem frávik er um í framkvæmd. Í því tilviki sem hér um ræðir hélt Síminn áfram að taka þátt í kostnaði af samtengistraumum gagnvart Vodafone í samræmi við 2. gr. samnings aðila frá 3. mars 2006 allt þar til 17. október 2008 þegar Síminn tilkynnir Vodafone um leiðréttingu á kostnaðardeilingu vegna samtengistrauma. Hafði Síminn því ekki breytt framkvæmd sinni með vísan til skilmála 4.1.4 *Kostnaðardeiling* í viðmiðunartilboðinu í rúmlega 14 mánuði frá gildistöku þess. Verður að telja að sú staðreynd hafi ekki gefið Vodafone tilefni til þess að mótmæla skilmálanum sérstaklega, að fenginni staðfestingu PFS á viðmiðunartilboðinu með ákvörðun sinni nr. 13/2007 frá 25. júlí 2007, fyrr en fyrirtækinu barst tilkynning frá Símanum um leiðréttingu á kostnaðardeilingu vegna samtengistrauma þann 17. október 2008. Þeirri kröfu Símans var strax hafnað af hálfu Vodafone með bréfi dagsett þann 23. október 2008.

Nú liggur fyrir í gögnum málsins að Vodafone hafði frá ársbyrjun 2006 mótmælt umræddum skilmála 4.1.4. *Kostnaðardeiling*. Ummæli í forsendum ákvörðunar PFS nr. 13/2007 þess efnis að ekki hafi borist athugasemdir við umræddan skilmála eru því ekki allskostar rétt. Meginniðurstaðan í þeirri ákvörðun var að kostnaður við samtengingu neta yrði til hjá báðum aðilum, þ.e. Símanum og viðsemjanda hans, en þar sem aðstæður gætu verið mismunandi þyrfti að semja um skiptingu hans í hverju tilviki fyrir sig. Var í því sambandi vísað til 24. gr. fjarskiptalaga. Ekki var efnislega fjallað um þann hluta skilmálans er laut að skilyrðum Símans fyrir þátttöku í kostnaðardeilingu. Var því ekki tekin afstaða til andmæla Vodafone með þeim hætti að það hefði bindandi áhrif á réttarstöðu fyrirtækisins. Þegar horft er til þessa, jafnframt því sem að framkvæmd samningsins milli Símans og Vodafone um jafna skiptingu kostnaðar af samtengistraumum frá 3. mars 2006 stóð óhögguð þrátt fyrir gildistöku viðmiðunartilboðsins frá 1. ágúst 2007 allt þar til Síminn tilkynnir Vodafone um leiðréttingu á kostnaðardeilingu samtengistrauma þann 17. október 2008, er það álit PFS að skilmáli 4.1.4. *Kostnaðardeiling* hafi af þessum sökum ekki öðlast gildi gagnvart Vodafone að því er varðar skilyrði Símans fyrir þátttöku í kostnaði af samtengistraumum.

#### 4.5.

##### *Niðurstaða*

Samkvæmt öllu framangreindu er það niðurstaða PFS, með vísan í 24. og 29. gr. fjarskiptalaga, sbr. og 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, að skilmáli 4.1.4. *Kostnaðardeiling* hafi ekki öðlast gildi gagnvart Vodafone, að því er varðar skilyrði Símans fyrir þátttöku í kostnaði af samtengistraumum, við gildistöku viðmiðunartilboðs Símans (útgáfu 3.4) þann 1. ágúst 2007 samkvæmt ákvörðun PFS nr. 13/2007. Símanum er því ekki heimilt að krefja Vodafone um endurgreiðslu vegna þátttöku í kostnaði af samtengistraumum frá þeim tíma. Er því fallist á aðalkröfu Vodafone að þessu leyti. Að því er varðar hinn hluta aðalkröfunnar, um að Símanum verði gert skylt að greiða helming af mánaðarlegum kostnaði vegna samtengistrauma milli félaganna frá þeim tíma, þá telur PFS að ekki séu forsendur til þess að taka afstöðu til hennar að svo stöddu. Fyrir liggur að frá og með 23. júní 2009 skal skipting kostnaðar vegna samtengistrauma vera jöfn, að uppfylltum tilteknum lágmarksskilyrðum. Varðandi réttarstöðu aðila fyrir þann tíma verður að horfa til ákvörðunar PFS nr. 13/2007. Í henni, sbr. kafla 3.13.2.,

var komist að þeirri niðurstöðu að kostnaður við samtenginu neta yrði til hjá báðum aðilum, þ.e. Símanum og viðsemjanda hans, en þar sem aðstæður gætu verið mismunandi þyrfti að semja um hann í hverju tilviki fyrir sig. Var í því sambandi vísað til 24. gr. fjarskiptalaga. Ráða má af gögnum þessa máls að aðilar hafi ekki sest til samninga til að komast að samkomulagi um skiptingu kostnaðar vegna samtengistrauma frá því að gengið frá samningi þar að lútandi frá 3. mars 2006. Með tilliti til reglunnar um rétt og skyldu aðila til að semja um efni samtengisamninga, samkvæmt 24. gr. fjarskiptalaga, telur PFS það vera ótímabært að kveða upp úr um það hver skiptingin eigi að vera án þess að aðilar hafi reynt til þrautar að ná samkomulagi þar um. Þeim hluta aðalkröfu Vodafone er því hafnað.

Að fenginni þessari niðurstöðu eru ekki efni til þess að taka afstöðu til varakröfu Vodafone. Í ákvörðun PFS nr. 11/2009 frá 23. júní 2009 hefur að hluta til verið fjallað um þau sjónarmið sem á reynir í þessu sambandi, en þar komst PFS að þeirri niðurstöðu að ekki væru rök til þess að gera greinarmun á farsímaumferð og talsímaumferð að því er varðar skilyrði fyrir því að Síminn taki þátt í kostnaði af samtengistraumum. Í ljósi þess að Símanum var ekki heimilt að beita umþrættum skilmála gagnvart Vodafone gerist þess ekki þörf að taka afstöðu til þess að hvaða marki rökstuðningur í þeirri ákvörðun hafi áhrif á réttarstöðu aðila frá 1. ágúst 2007.

Sömu sjónarmið gilda um þrautarvarakröfu Vodafone. Þar sem fallist hefur verið á aðalkröfu Vodafone að hluta til verður þegar af þeim ástæðum ekki fjallað um þrautarvarakröfu Vodafone í máli þessu.

#### *Ákvörðunarorð*

**Skilmáli 4.1.4. *Kostnaðardeiling* öðlaðist ekki gildi gagnvart Og fjarskiptum ehf., að því er varðar skilyrði Símans fyrir þátttöku í kostnaði af samtengistraumum, við gildistöku viðmiðunartilboðs Símans (útgáfu 3.4) þann 1. ágúst 2007 samkvæmt ákvörðun PFS nr. 13/2007. Símanum er því ekki heimilt að krefja Og fjarskipti ehf. um endurgreiðslu vegna þátttöku í kostnaði af samtengistraumum frá þeim tíma.**

**Hafnað er kröfu Og fjarskipta ehf. þess efnis að PFS mæli fyrir um að Símanum verði gert skylt að greiða helming af mánaðarlegum kostnaði vegna samtengistrauma milli félaganna frá 1. ágúst 2007.**

**Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.**

Reykjavík, 22. júlí 2009

---

f.h. forstjóra Björn Geirsson

---

Friðrik Pétursson